



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Heimildaritun

ÍSLE3HE05

Kennsluáætlun haustönn 2018

Kennarar:

Gísli Skúlason (GKI), Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) og Katrín Tryggvadóttir.

Áfangalýsing

Áhersla er lögð á að nemendur læri og þjálfist í vinnubrögðum sem tengjast heimildavinnu. Unnin verða fjölbreytt og krefjandi ritunarverkefni og lesnir margs konar textar sem tengjast heimildavinnu. Nemendur verða einnig þjálfaðir í umræðum. Stærsta verkefnið er heimildaritgerð og vörn fyrir hana.

Nemendur skulu **ávallt mæta með tölvu** í kennslustundir.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu hugtökum sem tengjast heimildavinnu, s.s. beinni og óbeinni tilvitnun, tilvísun og heimildaskrá.
- Muninum á staðreyndum og ályktunum.
- Muninum á talmáli og ritmáli.
- Muninum á heimildanotkun og ritstuldi.
- Hvaða málsnið hæfir mismunandi efni og aðstæðum.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skrifa skýran og vel uppbyggðan texta.
- Beita gagnrýninni hugsun við úrvinnslu heimilda.
- Velja stílbrögð sem hæfa efninu.
- Velja og nýta á gagnrýninn hátt þær upplýsingar sem skipta máli í heimildaritun.
- Vega og meta áreiðanleika heimilda.
- Fllytja af öryggi og sannfæringarkrafti eigið efni.
- Meta mismunandi sjónarmið og taka sjálfstæða, rökstudda afstöðu.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta.
- Velja viðeigandi ritstíl eftir viðtakendum og aðstæðum.
- Greina forsendur sem geta búið að baki einstökum ályktunum.
- Tjá rökstudda afstöðu, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum.
- Draga saman aðalatriði úr heimildum þannig að rétt sé með farið í hvívetna.
- Beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta.
- Leiða umfjöllun um viðfangsefni til vel rökstuddrar niðurstöðu.
- Ástunda viðurkennd vinnubrögð í rannsóknarvinnu.

Námsefni: Efni frá kennara.

Námsmat

Áfanginn er án lokaprófs. Allmörg verkefni verða metin til einkunna, auk þess sem ýmis smærri verkefni verða lögð fyrir til að styrkja námið. Varla þarf að taka fram að nemendur eiga að skila öllum verkefnum á tilsettum tíma.

Vægi einstakra verkefna:

10% Æfingaverkefni.

30% Umræður og hverjum þætti heimildaritgerðar skilað.

40% Heimildaritgerð, lokagerð.

20% Kynning heimildaritgerðar.

HEIMILDARITUN – VINNUÁÆTLUN HAUSTÖNN 2018

Vika	Dags.	Verkefnavinna
	20.-24.ág.	Æfingaverkefni 1 (3%). Upprifjun; efnisgreinar, brú, inngangur, reifun, lykilsetningar, efnisyrding og lokaorð. Umræður: Uppbygging áfangans, umræður, heimildir og fleira.
	27.-31.ág	Æfingaverkefni 2 (3%). Rannsóknarspurningar og tesur. Umræður: Uppbygging ritgerðar, áreiðanleiki heimilda, efnisyfirlit og fleira. Ritgerðarefni.
	3.-7. sept	Æfingaverkefni 3 (4%). Ritgerð úr Skemmu skoðuð. Heimildavinna. Umræður: Heimildaleit, tilvísanir, heimildaskrá og skráningarkerfi. Ritgerðarefni valið.
		VINNA VIÐ HEIMILDARITGERÐ HEFST
	10.-14. sept	Ritgerðarefni valið. Rannsóknarspurning sett fram. Heimildaleit fer í gang. Skila: Rannsóknarspurning og lágmark 3 heimildir (2%). Heimildir eru skráðar samkvæmt reglum. Einnig er skráð hvað eigi að nota úr heimildinni.
	17.-21.sept.	Heimildaleit heldur áfram og lýkur í þessari viku. Beinagrind verður til. Skila: Heimildaskrá með 10 áreiðanlegum heimildum til að nota í ritgerðinni auk draga að beinagrind (5%).
	24.-28.sept.	Bygging heimildaritgerðar (kaflar útskýrðir). Skila: Fullunninni beinagrind með kaflaheitum fyrir meginmál (3%).
	1.-5.okt.	UMRÆÐUR og MEGINMÁL (10%). Nemendur mæta í litlum hópum og kynna ritgerðina sína (beinagrindina). Gera grein fyrir ritgerðarefni, rannsóknarspurningum og tesum. Nýta tímann í að halda áfram að vinna meginmálið.
	8.-12.okt.	UMRÆÐUR OG MEGINMÁL (10%). Halda áfram að vinna meginmálið.
	15.-19.okt. haustfrí 18.-19.	Efnisyfirlit, blaðsíðutöl, forsíða og fleira. Skila: Meginmál fullunnið (4%).
	22.-26.okt.	Skila: Niðurstöðum og lokaorðum (3%) Þetta á að vera komið; heimildaskrá, blaðsíðutal, efnisyfirlit, kaflaheiti í meginmáli, forsíða og að sjálfsgöðu allar tilvísanir í heimildir í meginmáli.
	29.okt.-2.nóv	Hvernig á að kynna ritgerðina? Skila: Inngangi (3%).
	5.-9.nóv.	Ritstjórnarvinna; yfirllestur og endurbætur.
	12.-16.nóv.	Lokagerð heimildaritgerðar skilað mánudaginn 12. nóvember (40%). Kynning undirbúin.
	19.-23.nóv.	Kynning á ritgerð. Kynningin gildir 20% af einkunn.
	26.-30.nóv.	Kynning á ritgerð. Kynningin gildir 20% af einkunn.
	3.-7.des.	Kynning á ritgerð. Kynningin gildir 20% af einkunn.
	10. – 14.des	NÁMSMAT

Kennsluáætlun gerð með fyrirvara um breytingar

Með von um gott samstarf.

20. ágúst 2018

Íslenskukennarar